



Öryrkjabandalag Íslands

Hátúni 10, 105 Reykjavík
Sími: 91-26700, Fax: 91-622516

Alþingi

Erindi nr. p 121/1174

komudagur 20/3 1997

Heilbrigðis-og trygginganefnd Alþingis,
b/t Össurs Skarphéðinssonar, formanns,
Alþingi, 150 Reykjavík.

Reykjavík, 17. mars 1997

Heilbrigðis-og trygginganefnd Alþingis hefur sent Öryrkjabandalagi Íslands frumvarp til laga um réttindi sjúklinga og óskað umsagnar um það. Við biðjumst velvirðingar á því, að svarið berst aðeins of seint.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á síðast þingi. Við endurskoðun þess teljum við að sömu hafi verið breytt til bóta annað orki tvímælis. Fagnað er að niður eru felldar skorður vegna fjárhagsranna, sem var í 2. mgr.3. gr. fyrra frumvarps. Sömuleiðis er viðmiðunin við aldur í 3.mgr.3.gr. felld brott og fögnum við því. Hinsvegar teljum við að orðið "horfur" í sömu málsgrein hefði einnig átt að falla brott. Aftur á móti teljum við að orðalag 3. mgr. 28. gr. í fyrra frumvarpi hafi verið markvissara og betra: "Starfsmönnum heilbrigðisstofnunar er skylt að liðsinna og styðja sjúkling eða vandamann" í stað "leiðbeina" eins og r í frumvarpinu nú.

Að öðru leyti viljum við taka fram eftirfarandi:

Í 2. mgr. 1.gr. inn í upptalningu viljum við bæta: fötlunar. Þegar um svo víðtæka upptalningu er að ræða er óeðlilegt að orðið fötlun sé ekki með.

Fagnað er ákvæðum 5. gr. um að táknaáskilningu skuli tryggð.

Varðandi bið eftir meðferð í 18. gr. er lögð á það mikil áherslu af hinum ýmsu félögum Öryrkjabandalagsins að hámarksbiðtími eftir meðferð verði leiddur í lög og sé þá sem allra skemmstur. Öryrkjabandalagið tekur eindregið undir þetta sjónarmið aðildarfélaga sinna.

Varðandi 19. gr. um forgangsöröðun skal almennt varað við beitingu hennar og aldrei þannig að efnahagslegar forsendur komi inn í myndina. Miðað við greinina eins og hún er þykir okkur hinsvegar rétt að meta einnig félagslegar aðstæður.

Varðandi 25. og 26. gr. teljum við að samræmis verði að gæta milli greina um samráð við sjúk börn þannig að við 1. mgr. 26. gr. bætist: en samráð skal haft við barnið, ef hægt er og alltaf ef þau eru 12 ára eða eldri. Hinsvegar vaknar sú spurning hvort fortakslaust samráð ætti fremur að gilda við 14 ára en 12 ára aldur.

Hvað varðar 28. gr. um athugasemdir og kvartanir vegna meðferðar þá lýkur henni á eftirfarandi: "Sjúklingur skal fá skrifleg svör við athugasemdum sínum og kvörtunum eins fljótt og auðið er".


Við hefðum viljað sjá ákvæði um hver framhaldsskipan þessara mála ætti að vera þannig að sjúklingur ætti sem greiðasta leið til að fá leiðréttingu mála sinna, ef réttmætar forsendur eru fyrir hendi. Verði það ekki gert í þessu frumvarpi verður að finna þessum málum framtíðarfarveg svo ekki þurfi alltaf að leita til dómstóla um slíka leiðréttingu.

Miklar umræður hafa orðið innan okkar vébanda um nauðsyn þess að sjúklingar fái lögákvæðinn umboðsmann. Öryrkjabandalag Íslands telur það mál þurfa vandlega athugun m.a. í ljósi þess víðtæka málavíðs sem umboðsmaður Alþingis hefur til umfjöllunar og úrskurðar. Þar gildir hið sama að sjálfsögðu um mál sjúklinga og fatlaðra og annarra þjóðfélagsþegna.

Virðingarfyllst,
f. h. Öryrkjabandalags Íslands



Ólaf Ríkardóttir
formaður



Ásgerður Ingimarsdóttir
framkvæmdastjóri